

Hljómsveitin Slysh sigurvegarar Allra veðra von



Hljómsveitakeppnin Allra veðra von fór fram í Vestmannaeyjum laugardaginn 12. október. Fimm hljómsveitir tóku þátt og bar hljómsveitin Slysh sigur úr bítum. Aðrar hljómsveitir voru Mucky Muck, Þögn, Grýbos og Richter.

Hljómsveitin Slysh var stofnuð af ungum Hvergerðingum í hljómsveitavali í Grunnskólanum í Hveragerði árið 2022. Í kjölfarið tóku þeir þátt í Söngkeppni Samfés og lentu þar í 3. sæti. Síðan þá hafa þeir komið fram víða og meðal annars tekið þátt í Músiktilraunum þar sem söngvari hljómsveitarinnar, Gísli Freyr, var valinn besti söngvari keppinnar. Strákarnir stunda nú allir nám við Fjölbrautarskóla Suðurlands, nema trommarinn Stefán Gunngæir, sem er í Menntaskólanum að Laugarvatni.

Hljómsveitina skipa Björgvin Svan Mánason- gítar/bakródd, Gísli Freyr Sigurðsson – söngur, Eyvindur Sveinn Lárusson – rafmagnsgítar, Úlfur Þórhallsson – bassi, Stefán Gunngæir Stefánsson – trommur og Hrafnkell Örn Blöndal Barkarsson – hljómborð.

Hægt er að fylgjast með hljómsveitinni á Instagram-síðu þeirra slysh.official.

Kennarar í Fjölbrautaskóla Suðurlands samþykkja verkfall

Kennarar í Fjölbrautaskóla Suðurlands munu leggja niður störf 29. október til 20. desember ef ekki næst að semja fyrir þann tíma. Skólinn er einn af átta skólum þar sem félagsmenn aðildarfélaganna Kennarasambands Íslands kusu um verkfallsaðgerðir.

Fundur var haldinn í skólanum 11. október síðastliðinn þar sem staða mála var rædd með nemendum. Soffía Sveinsdóttir, skólameistari, sagði að ekki væri verið að ýta undir kvíða og streitu og nemendur ættu að halda ró sinni. Sigur-

steinn Sigurðsson, aðstoðarskólameistari tók undir og hvatti nemendur til að halda sínu striki og sinna náminu fram að verkfalli ef til verkfalls kemur.

Auk Fjölbrautaskóla Suðurlands hafa verkföll verið boðuð í Leikskóla Seltjarnarness, Leikskólanum Holti í Reykjanesbæ, Leikskólanum Drafnarsteini í Reykjavík, Leikskólanum Ársölum á Sauðárkróki, Áslandsskóla í Hafnarfirði, Laugalækjarskóla í Reykjavík og Lundarskóla á Akureyri.

Kjörstjórn KÍ kynnti í hádeginu niðurstöður atkvæða-

greiðslna um verkfallsaðgerðir. Meirihluti í öllum skólunum sagði já við fyrirhuguðum verkföllum og er áformað að aðgerðir hefjist 29. október.

Þau sem höfðu atkvæðisrétt voru félagsmenn aðildarfélaganna Kennarasambandsins sem starfa í viðkomandi skólum og taka laun samkvæmt kjarasamningum KÍ. Þetta voru félagsmenn í Félagi grunnskólakennara, Félagi leikskólakennara, Félagi framhaldsskólakennara, Félagi stjórnenda í framhaldsskólum og Skólastjórafélagi Íslands.



Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA bZ4X

100% RAFMAGNSBÍLL

 Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000





Auglýsing um skipulag



ÖLFUS

Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar af bæjarstjórn Ölfuss til auglýsingar. Tillögurnar hafðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

Meitlar og Hverahlíð II - breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram breyting á aðalskipulagi á landsvæði innan lands Hjallatorfu ofan fjalls. Breytingin felur í sér að stofnað er iðnaðarsvæði fyrir rannsóknar- og vinnsluboránir í Hverahlíð II. Markmið rannsóknarborananna er að kortleggja jarðhitaauðindir utan núverandi vinnslusvæða.

Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss þann 29. ágúst 2024. Skipulagið verður til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 28. nóvember 2024. Einnig er hægt að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 28. nóvember 2024.

Mölnarverksmiðja og höfn við Keflavík - breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu fyrir iðnaðar og hafnarsvæði austan byggðar í Þorlákshöfn. Hámark byggingarmagns á reit I3 er aukið úr 540.000 m² í 1.040.000 m². Þá er nýju hafnarsvæði bætt við sem nefnist H4.

Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss þann 2. maí 2024. Skipulagið verður til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 28. nóvember 2024. Einnig er hægt að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 28. nóvember 2024.

Hraunstjórn og Hraunland - Nýtt deiliskipulag

Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar Hraunstjórn og Hraunland. Á svæðinu er hraun sem rann eftir ísöld og er því friðað samkvæmt náttúruverndarlögum. Byggingarreitum hefur verið fundinn staður þar sem hraunið er gróið og hefur takmarkað verndargildi.

Skipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Ölfuss þann 30. maí 2024. Skipulagið verður til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 28. nóvember 2024. Einnig er hægt að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 28. nóvember 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið



Leikfélag Selfoss setur upp Listin að lifa

Leikfélag Selfoss æfir þessa dagana leikritið Listin að lifa eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Frumsýning er fyrirhuguð eftir nokkrar vikur. Leikfélag Selfoss hefur haft heldur hægt

um sig síðustu tvö ár vegna framkvæmda við leikhúsið við Sigtún og af öryggisástæðum hefur félagið ekki getað haldið stóra viðburði eða sett upp leiksýningar. Starfið hjá þeim er komið á fullt

núna. Ásamt því að æfa upp leikrit hélt leikfélagið átta námskeið fyrir börn í leikhúsinu í sumar, en námskeiðin hafa verið fastur liður í starfi félagsins í um 30 ár og hafa verið vel sótt.



GDRN í Versölum í Þorlákshöfn



Tónlistarmaðurinn og Þorlákshafnarbúinn Tómas Jónsson stendur fyrir hausttónleikaröð í Versölum í Ráðhúsi Ölfuss á haustmánuðum. Nú þegar hafa verið haldnir tvennir tónleikar með Rögggu Gísla

og Valdimar og næstkomandi sunnudag, 20. október, tekur Tómas á móti tónlistarkonunni GDRN. Þau flytja úrval af lögum GDRN í bland við sívinsæla íslenska smelli úr hillunni sem landsmenn þekkja.

Á tónleikunum sem hefjast kl. 17 verður heimilisleg og notaleg stemning þar sem tónleikagestum er boðið upp á kaffisopa og heimagerða ástarþunga sem eru innifaldir í miðaverði. Nánari uppl. eru á tix.is.



Villibráðakvöld

Laugardaginn 9. nóvember 2024



Matseðill

Smáréttir

- Grafin bleikja
- Laxa tartar
- Bruschetta með reyktum lax
- Grafin andarbringa
- Grafin gæsabringa
- Dádýra carpaccio
- Nauta tartar
- Hreindýrabollur
- Gæsalæri confit
- Hreindýra paté
- Anda confit smáborgarar

Aðalréttir

- Úrbeinað lambalæri
- Folalda fille

Ásamt meðlæti og öðru góðgæti

Kaffi og konfekt á eftir

Farmers Bistro býður upp á glæsilegt villibráðarhlaðborð

Fordrykkur hefst kl 19:00

Borðhald hefst kl 20:00

Karl Örvarsson skemmtikraftur kemur og heldur uppi stuðinu eins og honum er einum lagið



Bókanir



sími 857 7850

booking@farmersbistro.is

Verð 12.900

40 ára bókaþjófur minnst

Hinn 5. október síðastliðinn söfnuðust afkomendur sr. Eiríks J. Eiríkssonar og Sigríðar Kristínar Jónsdóttur saman til að minnast afmælisdags hennar og þess að fyrir 40 árum afhentu þau hjónin Sýslu- og héraðsbókasafni Árnassýslu bókasafn sitt að gjöf. Steingrímur Jónsson þáverandi forstöðumaður safnsins og Heiðrún Dóra Eyvindardóttir forstöðukona safnsins í dag heiðruðu samkomuna og höfðu meðferðis nokkrar merkar bækur úr safninu, sem Steingrímur fór um fræðandi orðum auk þess að greina frá því hvernig bókaþjófina bar að í starfi hans 5. október 1984. Gjörningurinn fór fram við morgunverðarborð þeirra hjóna að Hörðuvöllum 2 á Selfossi þegar Steingrímur var þar í heimsókn. Gjöfin kom honum mjög í opna skjöldu. Tjáði hann gestum að gjöf þessi stæði upp úr öðru sem hann hefði reynt á sinni starfsævi en hann hefur lengst af starfað við Háskólabókasafnið í Lundi í Svíþjóð.

Stundin var fjölskyldu sr. Eiríks og Kristínar kærkomin og var bókaþjófurinn þakkað innilega fyrir komuna og ræktarsemi og gott utanumhald við bókaþjófina í þau 40 ár sem liðin eru. Þá höfðu gestir á orði að með frásögn Steingríms hafi þráður hugsjóna þeirra hjóna verið spunninn fagurlega og þess óskað að hann lifði sem lengst með afkomendum ekki síður en viðtakendum í Árnassýslu.

Til glöggvunar fer hér á eftir stutt samantekt Aðalsteins Eiríkssonar um bókaþjófnið, sem oftast gengur undir heitinu „Eiríkssafni“.

Upphaf bókaþjófnaðs Eiríks J. Eiríkssonar (1911-1986) og Sigríðar Kristínar Jónsdóttur (1917-1999) konu hans, má rekja til Barnaskólans á Eyrarbakka



Myndir: Guðlaugur Óskarsson

þar sem Eiríkur fékk frá byrjun uppörvun og hvatningu kennara síns, Aðalsteins Sigmundssonar.

Aðalsteinn var ræktunarmaður í Þrastaskógi, uppalandi og forystumaður kennarafélaga og UMFÍ. Hann sleppti ekki af Eiríki hendinni fyrr en hann hafði komið honum til mennta í Reykjavík og síðar til formennsku í UMFÍ. Þessi mótun og rætur hennar í Árnassýslu voru þeim Eiríki og Kristínu ofarlega í huga þegar þau fólu héraðinu varðveislu og notkun safnsins. Það dró ekki úr að bókasafn Aðalsteins væri þá orðið eign þeirra og hluti hins stærra safns.

Forsendur bókaþjófnaðs og bókaþjófnaðsráðgjafar sr. Eiríks voru margbrotnar. Öðru fremur hefur ævistarfi hans við kennslu og boðun hvers kyns menntunar, æskulýðsstarfs og hugmyndafræði ráðið aðföngum. Þarfrá skólabókasafns eru margvíslegar og sundurleitar. Orðabækur, saga, landafræði og bókmenntir. Eiríkur innritaði upphaflega í norræn fræði í háskólanum. Þau voru honum alla tíð hugleikin og jafnvel hugleiknari en guðfræði og jafnvel kennslufræði. Alls þessa á sér stað í bókaþjófni. Samtímasögu og pólitískra átaka á sér einnig stað, ekki síst í aðdraganda seinni heimsstyrjaldar.

Eftir að fjölskyldan fluttist

á Þingvöll og straumur gesta á öllum stigum frá veiðimönnum til gesta ráðherrabústaðar og erlendra ferðamanna jókst, gætti aukinnar áherslu á sögu staðar og héraðs, kristni, alþingis- og sjálfstæðisbaráttu. Þá bættust við bækur úr safni Sveins Björnssonar og Biblíusafnið.

Sú skoðun eða álit var alið upp í börnum þeirra Þingvallahjóna að bækur væru ekki einungis innihald heldur einnig gripir sem flyttu ævi og anda höfunda og eigenda allra sem handléku og varðveittu frá einni kynslóð til annarrar. Bækur, blöð, ritlingar, sérprent og efniprentmálsins lifnaði næstum í höndum hans og umfjöllun. Í þessu fólst að verðmæti hins safnaða efnis fólst ekki nema að litlum hluta í leðri bandsins eða gyllingu kjalarins... „hvar sem ég fletti, við eyru mér ólguðu og sungu, uppsprettulindir og niðandi vötn minnar tungu“ (Jón Helgason, Kvæðabók, Í Árnassafni. Rvk. 1986.)

Sr. Eiríkur sá ekki fyrir, fremur en margur annar, þá byltingu sem fólst í tölvutækninni, tilflutningi fræðsluhlutverks bókaþjófnaðs til alheimsnetsins. Stafræn varðveisla alls efnis annars en bókaþjófnaðs sjálfra sem gripa er fyrirjáanleg. Þar með eru kaflaskil í varðveislu safns sr. Eiríks eins og allra annarra bókaþjófna.



Guðjóna Björk Sigurðardóttir er matgæðingur vikunnar.

Ég hef alltaf verið mikil áhugamanneskja um sardínur. Mér finnst þær góðar og þær eru alveg einstaklega hollar. Þær eru fullar af Omega-3 og í einni dós er dagskammtur af kreatíni sem er akkúrat það sem við konur þurfum.

Núna í vor fórum við hópur úr Hamri í Hveragerði í körfuboltaþúðir á Spáni þar sem mekka sardínunnar er og sá maður allar stærðir og gerðir matreiddar á ýmsan hátt, bæði soðnar og allt yfir í djúpstektar. Það er óhætt að segja að þessi matur hafi skapað miklar umræður á milli okkar foreldranna ég var ekki hrifin af spænskum sardínunum. Að mínu mati eru íslensku orasardínurnar langtum fremri. Ég ætla því að henda í eina uppskrift fyrir ykkur og hvet alla neikvæða að ákveða ekki fyrir fram að þetta sé vont og prófa! Ég er hræðileg með magn svo þið bara prófið ykkur áfram með það.

Gaujubókhveitikaka með sardínunum

40 gr. bókhveiti (Má sleppa og nota súrdeigsbrauðið frá GK Bakarí sem er besta súrdeigsbrauðið á Íslandi) Gróft salt



Mig langar svo að skora á góðan vin minn og frábæran matgæðing, Tryggva Hofland, eiganda Hofland Eatery í Hveragerði. Maðurinn minn og sonur hafa einstaka matarást á honum og ég veit að hann getur komið með eitthvað gómsætt.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



- Olíusprey
- Klettasalát
- Ora sardínur
- Heslihnatur
- Sólblómastre
- Cashew hentur
- Bláber
- Pestó (ég elska t.d. pestóið frá Ártanga sem fæst í GK Bakarí)
- Íslenskt hreint smjör
- Graslaukur
- Steinselja

Byrjið á því að bræða smjör í potti, ca. 3 tsk. með salti.

Takið svo bókhveitið og hrærið með vatni og salti í skál. Svona meðalþunnt.

Spreyið vel af olíuspreyi á pönnuna á háum hita. Setjið smá salt ofan á.

Spreyið á pönnukökuna og veltið svo aftur. Gerið það sama aftur ca. 2-3 sinnum þangað til að pönnukakan er orðin svolítið krispý.

Setjið á disk og hellið smjörinu á pönnukökuna. Dreifið svo klettasalati ofan á. Raðið fallega um 5 stk. af sardínunum ofan á.

Purrustið hnetur og fræ á pönnu og dreifið svo fallega yfir ásamt graslauk og steinselju.

Síðan eru bláber sett fallega yfir og að lokum nokkrar hálfteskeiðar af pestó á við og dreif.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
 Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
 Blaðamaður: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.
 Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
 Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
 Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
 ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÖLAR

Gæist upp í garði smá,
Grímur læknir fína á.
Hana Rut í hári ber,
hún við útsaum notuð er.

Svar við gátu í blaði 2773: **ELUR**
2. s-elur



Við prentum ljósmyndir honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.





Þú tryggir hátt þjónustustig á heimilinu

Við tryggjum góða þjónustu

Verkefni á heimilinu eru mismunandi og handtökin mörg. Á meðan þú sinnir því sem mestu máli skiptir þjóðum við þér og þínum góða þjónustu, allt árið um kring. Ánægja viðskiptavina skiptir okkur öllu máli.



Mættu því óvænta



Langar þig að slást í hóp faglegra og öflugra starfsmanna leikskólans Óskalands og móta framtíðina í gróskumiklum leikskóla?

Leitað er að metnaðarfullum, skapandi og jákvæðum deildarstjórum, leikskólakennurum og/eða leiðbeinendum og aðstoðarfólki í eldhúsi með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Viðkomandi þurfa að vera tilbúnir til að taka þátt í uppeldi og menntun barna í nánu samstarfi við stjórnendur og hafa gott vald á íslenskri tungu.

Umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð.

Einkunnarorð Óskalands eru:
Leikur - lífsgleði - lærdómur
Í Óskalandi er sjálfsprottinn leikur aðal kennslutækið auk þess sem unnið með grenndar- og útikennslu, Vináttuverkefni Barnaheilla, Hugarfrelsi og Lubba.

Fríðindi í starfi:

- Forgangur í leikskólaláss
- Frítt fæði
- Stytting vinnuvikunnar
- Sundkort í sundlauginu í Laugaskarði

Leikskólinn Óskaland stækkar um áramótin 2024 - 2025 og verður þá níu deilda leikskóli.

Óskaland er staðsett við Finnmörk 1, í Hveragerði í grónu hverfi þar sem stutt er í fjölbreytta skógi vaxna náttúru. Fjórar nýjar deildir opna í byrjun ársins 2025 auk þess sem ný glæsileg lóð verður tekin í notkun og endurbætur gerðar á eldri lóðinni.

Starfið hentar öllum kynjum. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 31. október 2024

Umsóknum skal skilað með rafrænum hætti á íbúagátt Hveragerðisbæjar - www.hveragerdi.ibuagatt.is > mannauðsmál > starfsumsókn

Nánari upplýsingar veita Gunnvör Kolbeinsdóttir skólastjóri og Eva Hrönn Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 4834139 eða á netfangið: oskaland@hveragerdi.is



HVERAGERDISBÆR



Léttari liðir með töfrum túrmeriks



Þjáist þú af liðverkjum & bólgum?

Kröftug og náttúruleg ofurfæða.



„Snarvirkaði
og bólgurnar
hurfu“

„Ég er greinilega manneskja sem býr til bólgur í líkamanum og geri ég mér ekki fyllilega grein fyrir orsökinni. Ég veit bara að túrmerik hefur gjörsamlega bjargað mér. Ef ég prófa að sleppa túrmerikinu í svona viku þá finn ég strax mun svo ég held áfram að taka það. Ég er agndofa yfir því hvað túrmerik hefur gert fyrir mig.“

„Ég varð skyndilega stokkbólgin á öðru hnénu í miðri veiðiferð. Mér verður alltaf illt í maganum ef ég tek bólgueyðandi lyf svo ég reyni alltaf að sleppa þeim. Ég reyni frekar að finna einhverja náttúrulega lausn fyrst. Ég tók túrmerik frá ICEHERBS í nokkra daga. Það snarvirkaði og bólgurnar hurfu.“

-Marianna Pálsdóttir



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Galdrakonan í Þorkelsgerði í Selvogi

Við Ólafur Kristjánsson í Geirakoti guðuðum á gluggann hjá Sigurbörgu Eyjólfsdóttur í Þorkelsgerði í Selvogi, hún kom til dyra og ég ávarpaði hana með þessum orðum: „Sæl veri galdrakonan í Þorkelsgerði.“ „Ég er engin galdrakona en séra Eiríkur í Vogsósum var mestur galdraprestur allra tíma og átti Gullskinnu,“ svaraði hún.

Bauð Sigurbjörg okkur inn í stofu og sagðist hafa séð séra Eirík, eða svip hans, við Eiríksvörðu í Svörtubjörgum. Teiknaði hún prest og hangir myndin í stofu hennar. Síðan fræðir hún okkur Ólaf á því að svo göldróttur hafi prestur verið að margir efuðust um að hann kæmist í himnaríki. Kölski myndi hirða bráð sína. Eiríkur sagði mönnum að fylgjast með þegar hann yrði jarðaður frá Strandakirkju. Þá myndu tveir stórir fuglar berjast upp á líf og dauða, annar svartur en hinn hvítur. Þeir gætu ráðið ef sá hvíti ynni viðureignina færi hann til himnaríkis. Þeir sem komu til útfararinnar sáu ógnvænlega viðureign fuglanna fyrir jarðarförina og sá svarti lá dauður eftir átökin.

Í stofu Sigurbjargar bar margt fyrir augu okkar en mest áberandi var mynd af Lúther, teiknimyndin af séra Eiríki og mörg listræn verk listakonunnar.

Þegar í eldhúsið kom og rauk úr kaffibollunum fræddi hún okkur um það að í Selvoginum, Snæfellsnesi og Þórsmörk væri orkan mest og nándin við duldakrafta. Sigurbjörg sagði að hvergi liði sér betur en í Þorkelsgerði og margir dagar þar væru dýrðlegir þar sem hafaldan brotnar við strönd og veður geta verið hörð yfir veturinn en



Gústi guðsmaður.



Sigurbjörg í eldhúsinu.

yndislegir sumar- og haustdagar væru oft himneskir.

Strandakirkja er við Engilvík og á sér fræga sögu um ungan bónda í Árnessýslu sem var að sækja sér efnivið í bæ sinn til Noregs en lenti í sjávarhásku og hafvillum. Ljósengill leiðir hann milli skerjanna til lands í Selvogi. Áður hafði bóndinn heitið á drottin að ef þeir björguðust myndi hann reisa kirkju þar sem þeir næðu landi. Kirkjan reis og varð mesta áheita kirkja landsins og safnaði gulli. Margir kannast við áheiti í ætt sinni. Ég minnst þess að faðir minn Ágúst á Brúnastöðum hét á kirkjuna með þeirri bæn að hann fengi rafmagnið að Brúnastöðum en ríkið hafði neitað honum um rafmagn, bærinn væri afskekktur og of löng leið að leiða rafmagnið. Eins og við mennina mæltum kom rafmagnið árið eftir eða 1954.

Að lokum leiddi Sigurbjörg okkur í listagalleríið sitt sem er braggi. Hún fræðir okkur á því að bragginn sé galdrhús sem

veður ná ekki tókum á snúi hann rétt. Í bragganum er margt að skoða, myndir og málverk en mesta athygli vakti gömul fjósaskófla sem Þórarinn í Laugardælum gaf henni og skófluna prýðir andlit aldanna. Og auðvitað mundi ég eftir skóflunni frá fjósameistaraárum mínum í Laugardælum. Hafrekið sprek, ryðgað járn og steinar fá augu og andlit og segja sögu í höndum listakonunnar.

Við Ólafur kveðjum listakonuna undir kvöld sannfærðir um þann mátt sem í Selvogi býr. Engillinn er enn til staðar, Strandakirkja hjálpar fólki í nauð og Eiríkur í Vogsósum vakir enn yfir sveit sinni. Andi Einars Benediktssonar skálds berst frá Herðisarvík og Surta jarmar, ein dáðasta sauðkind allra tíma sem sigraði bandaríska herinn áður en hún var myrt. Og nú er listakonun Sigurbjörg Eyjólfsdóttir orðin fræg galdrakona fyrir list sína.

Guðni Ágústsson



Sigurbjörg og Guðni með fjósaskóflu og kolaskóflu.

Kæru Skeiða- og Gnúpverjahrepps vísað frá

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur vísað frá kæru Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna virkjunarleyfis sem Orkustofnun veitti Landsvirkjun vegna Búrfells- lundar og telur sveitarfélagið skorta kæruheimild.

Haraldur Þór Jónsson oddviti sveitarfélagsins segir á mbl.is að þessi niðurstaða komi á óvart og valdi vonbrigðum. Að

mörgu leyti sé nefndin að segja að vilji sveitarfélagið fá skorið úr málinu þurfi að gera það fyrir dómstólum. Hann segir að sveitarstjórnin muni ræða málið á næstu dögum en líklega verði beðið niðurstöðu í máli Náttúrugriða, sem einnig kærðu virkjunarleyfið til úrskurðarnefndarinnar.

Nefndin hafnaði einnig kröfu Náttúrugriða um að fram-

kvæmdir við vegagerð og uppsetningu vinnubúða við Vaðöldu yrðu stöðvaðar á meðan kæra Náttúrugriða vegna virkjanaleyfisins væri til meðferðar hjá nefndinni.

Úrskurðarnefndin tók ekki efnislega afstöðu í málinu, heldur vísaði til þess að engir verulegir einstaklingsbundnir hagsmunir væru undir og vísaði kærinni frá.



Gjaldskylda hefst í nýja bílastæðahúsinu í miðbænum

Gjaldskylda hefst í vikunni í nýja bílastæðahúsinu við miðbæinn á Selfossi. Að sögn Vignis Guðjónssonar, framkvæmdastjóra Sigtúns Þróunarfélags, eru framkvæmdir við neðri hæð hússins á lokametrunum en efri hæð bílastæðahússins var opnuð umferð um miðjan september. Klukkutíminn í bílastæðahúsinu mun kosta 250 krónur en fyrstu 15 mínúturnar verða gjaldfrjálssar. „Þetta eru upphæðir sem eru í samræmi við ódýrustu bílastæðaflokkana í höfuðborginni,“ segir Vignir, en pláss er fyrir 220 bíla í bílastæðahúsinu. „Við reisum þessa byggingu til hagsbóta og þæginda fyrir gesti miðbæjarinnar. Einnig er hægt fá langtímastæði



í áskrift, sem er góður kostur fyrir fólk sem býr eða starfar í nágrenninu.“

Bílastæðahúsið er rekið í samvinnu við Parka, sem er eitt stærsta fyrirtæki landsins á sviði eftirlits og innheimtu á

bílastæðum. „Hægt er að greiða í greiðsluvél í bílastæðahúsinu en við hvetjum alla til að ná í Parka-appið þar sem greiðsluferlið er að mestu sjálfvirk og mjög þægilegt fyrir notendur,“ segir Vignir.

Árborg tekur upp rafrænt pósthólf

Sveitarfélagið Árborg Shefur unnið að því undanfarin misseri að koma tilkynningum, reikningum og öðrum bréfasendingum til íbúa í stafrænt pósthólf hins opinbera eins og kveðið er á um í lögum um stafrænt pósthólf. Íbúar og fyrirtæki sem skipta við sveitarfélagið hafa nú aðgang að sínum skjólum á öruggan máta. Pósthólfíð er aðgengilegt á www.island.is. Stafrænt pósthólf felur í sér tíma- og vinnusparnað auk jákvæðra umhverfisáhrifa.

nýja pósthólfinu þar sem póstur berst um leið og hann verður til í kerfum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið nýtir Strauminn, gagnaflutningsbraut hins opinbera, til að flytja gögn í pósthólf íbúa og fyrirtækja. Með því að nota stafrænt pósthólf sem birtingarmiðil og Strauminn sem flutningsleið er gagnaöryggi og persónuvernd eins og best verður á kosið.

Íbúar og lögaðilar geta nálgast pósthólfíð sitt með því að skrá sig inn á „Mínar síður“ á www.island.is og auðkenna sig með rafrænum skilríkjum. Vefur www.island.is er hannaður með notendur og gott aðgengi í huga og er ætlað að styðja notendur á einfaldan hátt.

Lykilvirkni og breytingar:

Bætt þjónusta felst í aðgengi sem er tiltækt allan sólarhringinn hvar sem viðkomandi er staddur.

Aukin skilvirkni næst með

REKSTUR OG VIÐHALD

Skelltu þér til okkar við Sogið!

Við óskum eftir liðsauka í öflugt teymi starfsfólks á Sogssvæði, þar sem við reukum þrjár vatnsaflsstöðvar: Írafosstöð, Ljósafosstöð og Steingrímsstöð. Starfið er fjölbreytt og spennandi, en verkefni fela m.a. í sér viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja á svæðinu, ásamt því að sjá um ástandsmælingar og greiningar á raf- og vélbúnaði.

Hæfni:

- Menntun á rafmagnssviði
- Þekking á viðhaldi búnaðar; véla-, vökva- og rafkerfa
- Þekking á loftkerfum, teikningalestri og stjórnkerfum er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 26. október

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/storf



Fimleikadeild Selfoss keppir á Evrópumóti í Azerbaidjan



Átta iðkendur, þrjú hjálfarar og einn dómari frá Fimleikadeild Selfoss eru farin til Baku í Azerbaidjan þar sem fram fer Evrópumót í hópfimleikum dagana 16. – 19. október 2024. Evrópumótið er aðeins haldið á tveggja ára fresti og er stærsta verkefni sem hópfimleikadeildendur og hjálfurum býðst að taka þátt í með landsliðum Íslands.

Iðkendurnir keppa í fjórum af

landsliðum Íslands, en í fullorðinsflokki keppir Karolína Helga Jóhannsdóttir með kvennaliði Íslands og Birta Sif Sævarsdóttir og Silvia Rós Nokkala Valdimarsdóttir keppa með blönduðu liði fullorðinna.

Í unglingsflokki keppa Elsa Karen Sigmundsdóttir, Kristín María Kristjánsdóttir, Magdalena Ósk Einarsdóttir og Victoria Ann Vokes með stúlknaliði

Íslands og Katrín Drífa Magnúsdóttir keppir með blönduðu liði unglinga.

Hjálfarar sem koma frá Selfossi eru Aníta Þorgerður Tryggvadóttir, hjálfari drengjalíðs Íslands, Mads Pind og Tanja Birgisdóttir sem hjálfa stúlknaliði Íslands. Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri deildarinnar, er einn af þremur dómurum sem dæmir mótið fyrir Íslands hönd.

Ferðalagið verður langt en það tekur um sólarhring og samanstendur af þremur flugum hvora leið. Mánudagurinn kemur því til með að fara að miklu leyti í hvíld og endurheimt en á þriðjudaginn hefst æfingar og á miðvikudag keppa unglingsaliðin í undanúrslitum. Undanúrslit fullorðinsliðanna eru á fimmtudaginn, úrslit unglinga á föstudaginn og úrslit fullorðinsliðanna á laugardaginn,

19. október. Það verður því nóg að gera hjá öllum sem að verkefninu koma og virkilega viðburðaríkir dagar framundan.

„RÚV ætlar að sýna beint frá Evrópumótinu á laugardagsmorgninum 19. október og hvetjum við öll til þess að horfa, einnig má finna hlekk á aðra hluta mótsins á heimasíðunni okkar, www.umfs.is/fimleikar,” segir í tilkynningu frá Fimleikadeild Selfoss.

Myndlistarfélag Árnassýslu með sýningaropnun á laugardag

Myndlistarfélag Árnassýslu, sem hefur starfað með miklum krafti undanfarin ár, býður bæjarbúum og gestum að mæta í opið hús og sýningaropnun laugardaginn 19. október milli klukkan 13:00 og 16:00. Viðburðurinn fer fram í vinnustofu félagsins í Sandvíkursetri og er sýningaropnun í Gallery Gang, þar sem félagsmenn sýna verk sín og bjóða gestum að kynnast skapandi starfi félagsins. Heitt verður á könnunni og opið öllum sem hafa áhuga á að kíkja við og njóta listarinnar.

Öflugt og líflegt félag

Myndlistarfélag Árnassýslu er með nær 100 félagsmenn og er mikilvægur vettvangur fyrir skapandi einstaklinga á svæðinu. Félagið er með virka starfsemi allan ársins hring og tekur reglulega þátt í viðburðum sem efla menningarlífið í Árborg og nágrenni. Félagsmenn hittast á vinnustofunni, þar sem þeir vinna að sínum verkefnum, skipuleggja sýningar og viðburði, og taka þátt í samræðum um listina.

Berglind Björgvinsdóttir formaður félagsins segir að félagið sé alltaf opið fyrir nýja félagsmenn og hvetur alla sem hafa áhuga á myndlist, hvort sem þeir eru reyndir listamenn eða áhugafólk, til að ganga í félagið og taka þátt í starfsemi. „Við leggjum mikla áherslu á að vera opið og skapandi samfélag, þar sem allir eru velkomnir,” segir



formaðurinn. „Það er ótrúlega mikilvægt að fólk mæti á svona viðburði til að styðja við listina í samfélaginu og taka þátt í menningarlífinu.“

Menningarmánuður Árborgar

Nú er menningarmánuðurinn október í Árborg og er því tilvalið að mæta á opið hús og sýningaropnun Myndlistarfélags Árnassýslu. Menningarmánuðurinn býður upp á fjölbreytta viðburði víðs vegar um sveitarfélagið, þar á meðal tónleika, sýningar og listasmiðjur, og því er mikil gleði yfir þátttöku Myndlistarfélagsins í þessum viðburðum. Sýningaropnunin í Gallery Gang er hluti af þessari hátíð og er frábært tækifæri til að sjá nýjustu verk félagsmanna.

Listin er öllum mikilvæg

List gegnir lykilhlutverki í



samfélaginu, bæði sem tjáningarform og sem menningarlegt framlag. Hún tengir fólk saman, vekur til umhugsunar og auðgar lífið á svo marga vegu. Í samfélagi eins og Árborg er mikilvægt að stuðla að blómlegu menningarlífi og þátttaka í viðburðum á borð við opið hús Myndlistarfélagsins skiptir sköpum til að halda listinni lífandi. List er ekki aðeins fyrir listamennina sjálfa, heldur fyrir alla. Hún býður upp á innsýn í hugmyndir, tilfinningar og upplifanir sem margir geta speglað sig í.

Formaðurinn hvetur alla til að leggja leið sína á vinnustofuna næstkomandi laugardag: „Það er eitthvað sérstakt við að koma og sjá verkin lifna við á sýningunni, hitta listamennina og taka þátt í skapandi umhverfi. Þetta er frábært tækifæri til að vera



hluti af menningarlífi Árborgar og styðja við listina í okkar samfélagi.“

Opið fyrir alla

Opið hús og sýningaropnunin er ókeypis viðburður og allir eru velkomnir að mæta, njóta listarinnar, fá sér kaffi og spjalla við listamennina. Viðburðurinn gefur góða innsýn í starfsemi Myndlistarfélagsins og þá fjölbreyttu hæfileika sem félagsmenn búa yfir. Hægt er að fá nánari upplýsingar á Facebook-síðu félagsins eða með því að hafa samband við formann félagsins.

Við hvetjum öll til að mæta, njóta og styðja við listina næstkomandi laugardag.

Berglind Björgvinsdóttir
Formaður MFÁ



Markús Andri valinn í U15 landsliðið

Þórhallur Siggeirsson, landsliðsþjálfari U15 karla í knattspyrnu, hefur valið leikmannahóp til þátttöku í UEFA Development móti sem fram fer í Búlgaríu dagana 17.-23. október næstkomandi.

Markús Andri Danielsson Martin úr Hamri í Hveragerði hefur verið valinn í hópinn.

Hann tók nýlega þátt í úrtaksæfingum fyrir U15 landsliðið og var í kjölfarið valinn í lokahópinn.

Markús hefur verið öflugur með yngri flokkum Hamars undanfarin ár og hefur komið við sögu með liði meistaraflökks.



Ópera fyrir leikskólabörn heimsótti sex leikskóla á Suðurlandi

Ívor og haust á þessu ári heimsótti Ópera fyrir leikskólabörn leikskólana í Vík, Hvolsvelli, Hveragerði, Kirkjubæjarklaustri, Eyrarbakka og Stokkseyri og vakti mikla lukku. Frumkvöðull og höfundur óperuleiksýningarinnar er Alexandra Chernyshova, óperusöngkona og tónskólastjóri í Vík, sem söng hlutverk Álfadrottningarinnar. Alexandra er einnig tónskáld óperutónlistar sýningarinnar, sem kemur úr óperuballettinum Ævintýrið um norðurljósin. Óperan er samin eftir ævintýrasögu sem gefin var út sem bók og samin eftir móður Alexöndru, Evgeniu, í þýðingu Árna Bergmann. Ævintýrið um norðurljósin er samið fyrir níu einsöngvara, tíu sólóðansara, tvo kóra og ballett. Óperan var frumflutt árið 2017 í Norðurljósal í Hörpu í Reykjavík með hljómsveit, kór og ballettdönsurum úr danskóla Eddu Scheving. Á síðasta ári var gefið út rafrænt kennslufni



með lögum úr óperunni Ævintýrið um norðurljósin fyrir söngnemendur tónlistarskóla og fyrir kennslu í tónmennt. Hægt er að

gera ljósrit með myndum eftir Önnu Torfadóttur úr bókinni og búa til Álfadrottningu. Sýningin Ópera fyrir leikskólabörn var

samin sérstaklega fyrir eldri börn á leikskólaaldri úr stóru óperusýningunni. Markmið verkefnisins er að kynna fyrir

ýngstu áhorfendum hvað ópera er og opna töfrahurð hennar. Með Alexöndru kom fram bari-tönsöngvari, sem er einnig dansari og hljóðmaður í sýningunni, Jón Svavar Józefsson. Hann fór með hlutverk íkornans Ratatosk. Flytjendur leiddu leikskóla-krakkana inn í ævintýraheim óperunnar og voru klædd í töfrahurð óperubúninga. Börnin fengu að dansa og syngja með, hlusta á óperutónlist og kíkja inn fyrir töfrahurð óperunnar. Óperusýningin á síðustu árum hefur verið kynnt fyrir leikskólum á Akureyri, Reykjavík, Reykjanesbæ, Vogum, Grindavík og nú á Suðurlandi. Rúmlega fjögur þúsund börn hafa séð sýninguna og alltaf við frábærar móttökur. Styrktaraðilar sýningarinnar á Suðurlandi að þessu ári eru Uppbyggingarsjóður Suðurlands, foreldrafélög og sveitarfélög á svæðinu og DreamVoices fræðslu- og menningarfélag.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



Erindi fyrir þau sem hafa misst

Jóhanna María Eyjólfsdóttir fagstjóri hjá Sorgarmiðstöðinni heldur erindi í Selfoskirkju miðvikudaginn 23. október kl. 20:00

Erindið er ætlað þeim sem hafa misst ástvin og verður fjallað um sorg og sorgarviðbrögð.

Í framhaldinu verður farið af stað með samtalshópa um sorg og sorgarviðbrögð, nánar inn á selfoskirkja.is Erindið er öllum opið óháð búsetu



Jólahlaðborð í sveitakyrrið

Einstök upplifun á aðventunni í hlýlegu umhverfi.

Jólaöldverður 14.500 kr.

TILBOÐ Á MAT OG GISTINGU

21.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi

26.700 kr. fyrir eins manns herbergi

Innifalið er jólaöldverður ásamt morgunverðarhlaðborði.

29. og 30. nóvember

6. og 7. desember

13. og 14. desember

Nánari upplýsingar og borðapantanir á info@eldhestar.is



ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
 Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
 s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
 17. október kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 17. sept. kl. 14:45

Þá breyttist allt.
Margrét Blöndal
fjallar um bókina.

Kaffi 200 kr.
 Kaffi og kökur 1500 kr.



heildarlausnir í prentun

Eyravegur 25 | Sími 482 1944

selfoss@prentmetoddi.is | prentmetoddi.is

KIRKJA

Árborgarprestakalli!

Messur sunnudaginn 20. október:

Selfoskirkja kl. 11 - sr. Gunnar Jóhannesson þjónar. Ester Ólafsdóttir situr við orgelið. Kór Selfoskirkju leiðir safnaðarsönginn.

Eyrbakkakirkja kl. 20 - Kvöldmessa með djassívaði. Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar. Pétur Nói Stefánsson situr við orgelið. Djass tríó spilar og kór Eyrbakka leiðir safnaðarsönginn.

Jól í skókassa! Byrjað verður að taka á móti kóssum 22. október. Síðasti skiladagur er 30. október. Öll framlög vel eru vel þegin.

Fastir liðir í Selfoskirkju:

Sunnudagaskólinn er á sínum stað alla sunnudaga kl. 11.

Kyrrðarbæn er í hádeginu alla þriðjudaga kl. 12 og morgunbænir á miðvikudögum kl. 10.

Kríasálmur eru á miðvikudögum kl. 10:30 og Barna- og foreldrasamverur (foreldra-morgnar) kl. 11. Verið hjartanlega velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Messa fyrir alla aldurshópa sunnudaginn 20. október kl. 11. Sr. Kristín Þórunn og Bergþóra drákni þjóna. Jón Bjarnason dórmorganisti leikur á orgel frá kl. 10.30 og leiðir safnaðarsöng. Innilega velkomin!

Kálholtskirkja

Kveðjuguðsþjónusta sr. Halldóru verður sunnud. 20. okt. kl. 14.00. Sunnudaginn 27. okt. bjóða sóknarnefndir prestakallsins í sameiginlegt kaffisamsæti á Laugalandi kl. 14.30 þar sem sr. Halldóra verður kvödd.

Árbæjarkirkja

Kveðjuguðsþjónusta sr. Halldóru verður sunnud. 20. okt. kl. 11.00 og súpa í safnaðarheimilinu á eftir. Sunnudaginn 27. okt. bjóða sóknarnefndir prestakallsins í sameiginlegt kaffisamsæti á Laugalandi kl. 14:30 þar sem sr. Halldóra verður kvödd.

Ólafsvallakirkja

Guðsþjónusta kl. 11 sunnudaginn 20 október. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur. Verið öll hjartanlega velkomin!

Hruna- og Hrepphólasókn

Gróðurhúsamessa kl. 20 sunnudaginn 20. október í gróðurhúsinu á Hverabakka. Félagar úr kirkjukórnum syngja lög og sálma undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista. Notaleg samvera í „aldingarðinum“. Verið öll hjartanlega velkomin!

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opið hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkíð 18 til 50 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Prjónahópur byrjar í sept.

Föstudaga kl. 11-14
Opið hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma hentar ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
 Þrið. kl. 19 - AA konufundur
 Mið. kl. 19:30 - AA fundur
 Fim. kl. 20 - AA karlafundur
 Fös. kl. 20:30 - AA fundur
 Lau. kl. 21 - AA opin fundur
 Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
 AA Hrísholti 8, Selfossi.
 Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
 Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
 Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
 Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
 Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
 Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
 Hrísholti 8, Selfossi.
 Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
 Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
 Þorlákshöfn
 Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efrí hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

Gróðurhúsamessa á Flúðum

Sunnudagskvöldið 20. október verður haldin „gróðurhúsamessa“ í gróðurhúsi á Hverabakka, rétt við Flúðir. Kirkjukórinn mun syngja sálma og lög sem hæfa tilefninu. Innlegg verður um ylraekt og textar lesnir tengdir aldingarðinum og gróðri. Notaleg kvöldstund í hlýlegu umhverfi. Sr. Óskar



leiðir stundina og Eyrún organisti stýrir söngnum. Öll eru velkomin.



Fræðsluerindi um Valgerði Jónsdóttur í Skálholti

Fræðsluerindi um líf og störf Valgerðar Jónsdóttur biskupsfrúar verður haldið í Skálholti laugardaginn 26. október kl. 16:00. Halldóra Kristinsdóttir sérfræðingur á handritasafni Landsbókasafnsins heldur erindið og leiðir stutta göngu að því loknu. Mæting í fyrirlestrar-sal Hótel Skálholts.



Í erindinu verður leitast við að draga upp mynd af merkiskonunni Valgerði Jónsdóttur, en fjölmargar heimildir hafa varðveist sem geta varpað ljósi á líf hennar og sögu. Eftir erindið verður farið í stutta göngu yfir í Skálholtskirkju og niður á safnið þar sem legsteinn sá sem Valgerður lét útbúa fyrir Hannes Finnsson biskup eiginmann sinn. Gengið verður út undirgöngin og út á fornleifasvæðið


sem sýnir húsaskipan á 17. og 18. öld þegar Valgerður var biskupsfrú í Skálholti.

Veitingastaðurinn Hvönn verður opin og hægt að kaupa veitingar þar.

Fyrirlesturinn er öllum opin og ókeypis.

Fyrirlestur um nýsköpun búháttanna í sunnlenskum sveitum

Sunnudaginn 20. október kl. 14 heldur Bjarni Guðmundsson, prófessor á Hvanneyri, fyrirlestur um nýsköpun búháttanna í sunnlenskum sveitum á fyrri hluta 20. aldar. Fyrirlesturinn er á vegum Bygðasafns Árnesinga og verður í varðveisluhúsi safnsins að Búðarstíg 22 á Eyrbakka.



Bjarni hefur rannsakað búhætti á Íslandi á 20. öld og sent frá sér margar bækur og greinar um efnið. Þar má nefna snjalla bók um útbreiðslu dráttarvélarinnar Ferguson. Bjarni veitti Landbúnaðarsafni Íslands á Hvanneyri forstöðu til 2017 en áratugum saman á undan starfaði hann að kennslu og rannsóknum við Bændaskólann á Hvanneyri. Hans nýjasta bók heitir Búverk og breyttir tímar og fjallar um nokkur verk og verkfæri sem alþekkt voru á síðustu öld en hafa ýmist horfið úr

verkahring bænda eða breyst í helstu atriðum. Bjarni mun leggja áherslu á breytingar í búhátum sunnlenskra bænda.

Að fyrirlestri loknum verða umræður og kaffispjall. Hér er tilvalið fyrir gamla nemendur Bjarna að hitta og hlýða á sinn gamla læriföður. Þetta er líka gott tækifæri til að fræðast um gömlu heyrinnuvelarnar sem lúra í hlaðvarpanum. Fyrirlesturinn er dagskrárliður í Menningarmánuði Árborgar. Aðgangur er ókeypis.

Fjögur sveitarfélög á Suðurlandi hlutu viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar 2024



Jafnvægisvogin er hreyfiafls- verkefni Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA). Félagið veitir þessa viðurkenningu árlega þeim þátttakendum sem hafa náð að jafna kynjahlutfall í framkvæmdastjórnunum.

Í ár voru það 93 fyrirtæki, 15 sveitarfélög og 22 opinberir aðilar sem hlutu viðurkenninguna og eru fjögur sveitarfélög á Suðurlandi þar á meðal. Það eru Sveitarfélagið Árborg, Sveitar-

félagið Ölfus, Rangárþing eystra og Rangárþing ytra.

Jafnvægisvogin hefur þann tilgang að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á Íslandi. Markmiðið er að hlutföllin verði 40/60 í framkvæmdastjórnun. Stór hluti þeirra þátttakenda sem hafa skrifað undir viljayfirlýsingu Jafnvægisvogarinnar hefur náð góðum árangri á þessu sviði.



Jóhanna Ýr í leyfi frá bæjarstjórn Hveragerðisbæjar

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, formaður bæjarráðs Hveragerðisbæjar, hefur óskað eftir leyfi frá bæjarstjórn af persónulegum ástæðum frá 8. október 2024 til 11. júní 2025. Kemur þetta fram í nýrri fundargerð bæjarstjórnar. Jóhanna var í fyrsta sæti Framsóknarflokksins í síðustu sveitastjórnarkosningum og hefur setið í meirihluta bæjarstjórnar síðan. Andri Helgason er fyrsti varamaður inn af B-lista og Lóreyey Sigurjónsdóttir annar. Þau gefa ekki kost á sér að taka sæti í bæjarstjórn og bæjarráði. Bæjarstjórn samþykkti á fundinum að Thelma Rún Runólfssdóttir verði bæjarfulltrúi í stað Jóhönnu Ýrar Jóhannsdóttur.

Í bæjarráð muni setjast sem aðalmaður og varaformaður Halldór Benjamín Hreinsson og mun Thelma Rún Runólfssdóttir koma inn sem varamaður í bæjarráð í stað Halldórs



Thelma Rún Runólfssdóttir.



Halldór Benjamín Hreinsson.

BLEIKA 2024 BOÐIÐ

Föstudaginn 18. október á Hótel Selfossi



HAPPRÆTTIS-
MÍÐINN KOSTAR
AÐEINS 3.000 KR.



Gjafapoki fyrir fyrstu
50 karlmennina



Gjafapoki frá
Lindex fyrir fyrstu
100 konurnar
LINDEX



Tilfni
SJÁ UM
SKREYTINGARNAR
Í SALNUM!



Okkar stærsta hátíð og fjáröflunarviðburður verður haldinn föstudagskvöldið 18. október á Hótel Selfossi.

Nú fyllum við húsið og skemmtum okkur sem aldrei fyrr!

Húsið opnar kl. 19:00 og hefst dagskrá kl. 20:00, góð tilboð á drykkjum og girnilegar veitingar. Veislustjóri kvöldsins er okkar eini sanni Gabríel Werner.

Uppboðið verður á sínum stað og happdrættið okkar er glæsilegt að venju og verður enginn svikinn af sínum vinning! Hver miði kostar einungis 3.000 krónur og er til svo gríðarlega mikils að vinna.

Björk Guðmundsdóttir uppstandari kitlar hláturtaugarnar og hinn magnaði tónlistarmaður Grétar Lárus mætir á svið og spilar okkur út á dansgölf.

Athugið að ef um stærri hópa er að ræða, 10 manns eða fleiri, er mögulegt að panta borð fyrir fram með því að senda tölvupóst á arnessysla@krabb.is.

Dagskrá lýkur kl. 00:00.

Við hlökkum mikið til að eiga skemmtilegt kvöld með ykkur!



Krabbameinsfélag Árnassýslu



LINDEX

**HOTEL
SELFOS**
RESTAURANT
& SPA



Frá undirskrift viljayfirlýsingar. Páll Marvín Jónsson framkvæmdastjóri Ölfus Cluster og Kjartan Hrafn Kjartansson forstjóri AI Green Cloud ehf.

Evrópsk gervigreind mun keyra í Þorlákshöfn

Evrópsk gervigreind mun keyra í Þorlákshöfn

Ölfus Cluster og AI Green Cloud ehf. hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um að gangsetja vistvænt gervigreindargagnaver á næsta ári. Gagnaverið muni hýsa leiðandi vélbúnað frá NVIDIA, tæknirisanum sem hefur skipað sig í sessi sem heillakýr gervigreindarbyltingarinnar (hlutabréf NVIDIA hafa þrefaldast í virði á síðustu 12 mánuðum).

Þetta er samstarfsverkefni um nýtingu á 20 Megavöttum til að keyra miðstöð gervigreindar í Evrópu á næstu 5 árum.

45% minni orkunotkun en í venjulegum gagnaverum

Með nýrri kælitækni sem kallast djúpkæling (e. immersion cooling) er tölvum og kísil steyppt ofan í kælitanka með sérútbúnum vökva. Þessi kæling skilar áætluðum 45% heildarorkusparnaði samanborið við hefðbundin loftkæld gagnaver.

„Þetta verkefni passar mjög vel við stefnu Ölfus varðandi grænan iðngarð og hringrás hliðarstrauma. Um er að ræða enn eitt eggjð í stækkandi körfu atvinnutækifæra á svæðinu ásamt því að verkefnið mun skila spennandi nýrri tækniþekkingu inn í sveitarfélagið“ sagði Elliði Vignisson, bæjarstjóri Þorlákshafnar.

Varmi endurnýttur í önnur verkefni

Ölfus Cluster mun aðstoða við að tryggja hentuga staðsetningu fyrir starfseminna þar sem innviðir á borð við rafmagn og gagnaflutninga verða brátt til staðar.

Háþróaða gangaverið muni geta endurnýtt 80% þess varma sem myndast við að keyra stór gervigreindarlíkön á vélbúnaði þess.

Þróuð verður aðferð til að nýta úttaksvarmann af 55 gráðu heitu vatni í önnur verkefni á svæðinu. Með þessu má ná allt að 80% endurnýtingu á orku sem er mjög í línu við þá stefnu sem grænir iðngarðar í Þorlákshöfn hafa lagt fram.

“Vélbúnaðurinn sem keyrir gervigreindina sem við erum öll farin að nota í dag krefst mikillar orku og býr því til mikinn hita. Nú fyrst getum við hagnýtt þennan affallsvarma og veitt honum í önnur verkefni sem geta nýtt hann,” sagði Kjartan Hrafn Kjartansson, forstjóri AI Green Cloud ehf.

AI Green Cloud ehf. stefnir á að tryggja uppbyggingu og þekkingu í gervigreind á Íslandi til framtíðar. Það er í nánú samstarfi við „GPU as a Service“ (GaaS) fyrirtækið AI Green Bytes AS frá Noregi, sem leiðir þróun, rekstur og þjónustu á

djúpkælingu í gagnaverum með NVIDIA-búnaði.

Í upphafi er um að ræða um 0,6 MWh af rafmagn sem gæti stækkað í allt að 20 MW yfir næstu 5-10 árin.

AI Green Cloud ehf. var stofnað árið 2024 af íslenskum fjárfestum í þeim tilgangi að styðja við hringrásarhagkerfið í gagnaverum á Íslandi. Ölfus Cluster er áhersluverkefni Sveitarfélagsins Ölfus við að styrkja umhverfismál og fjölgun starfa. AI Green Bytes AS var stofnað árið 2023 og er með höfuðstöðvar í Noregi og skrifstofur í Portúgal og nú einnig á Íslandi.



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

BRAGA AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800

LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HP

**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Þreint um allt Suðurland

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll**

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði*

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

